



Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	06.01.20
Málalýð.	05.1
Mál nr.	2001058

Reykjavík 30. desember 2019

Erindi: Breytingar á gjaldskrá Landskerfis bókasafna hf. á árinu 2020

Ágæti viðtakandi.

Landskerfi bókasafna er hlutafélag í nokkuð jafnri eigu ríkis og sveitarfélaga og frá upphafi hefur verið gengið úr frá því að greiðslur myndu deilast nokkuð jafnt á milli þessara eigendahópa.

Viðmiðunarstærðir gjaldskrár vegna aðildar að bókasafnskerfinu Gegni hafa verið endurskoðar á þriggja ára fresti í samræmi við ákvæði þjónustusamninga, næst 1.1.2020. Hjá sveitarfélögunum er tekið tillit til fjölgunar íbúa sem hefur verið allnokkur undanfarin ár en hjá ríkissöfnunum eru önnur mismunandi viðmið svo sem breytingar á nemendafjölda, starfsmannafjölda og eintakafjölda.

Undanfarin ár hefur reynst erfitt/ómögulegt að fá tölulegar upplýsingar frá Hagstofu Íslands um viðmiðunarstærðir margra ríkissafna. Bilið á milli heildargreiðslna frá sveitarfélögum og söfnum í eigu ríkisins hefur því breikkað verulega. Á meðan greiðslur frá ríkissöfnunum standa nánast í stað hækka greiðslur frá sveitarfélagasöfnunum vegna fjölgunar íbúa. Nú er svo komið að nauðsynlegt er að leiðrétta fyrir þessari skekkju. Það verður gert með því að áætla fyrir uppfærðum viðmiðunarstærðum ríkissafna og hækka gjaldið sérstaklega um 5% frá 1.1.2020 hjá söfnum öðrum en þeim sem eru í eigu sveitarfélaga. Þetta er aðeins áfangahækkun til jöfnunar en þörf er á að hækka ríkissöfnin meira aukalega síðar til að ná jafnvægi milli sveitarfélagasafnanna og ríkissafnanna.

Þegar og ef uppfærðar viðmiðunarstærðir liggja fyrir seinna á næsta ári verður gjaldtaka einstakra ríkissafna leiðrétt.

Mánaðarlegt gjald er líka bundið vísitölu neysluverðs hjá báðum eigendahópum. Gjald frá 1. janúar 2020 hækkar miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs frá nóvember 2018 til nóvember 2019 eða um 2,6%. Heildarhækkun á milli ára að teknu tilliti til leiðréttingar sem að ofan er getið og vísitölu er því núna um 7,6% hjá ríkissöfnum.

Gjöld sveitarfélagasafnanna hækka um tæp 7,6% um næstu áramót en það er eingöngu vegna íbúafjölgunar sl. 3 ár. Vísitöluhækkun sveitarfélagasafnanna fellur niður að þessu sinni.

Landskerfið mun halda áfram að skoða hvað hægt er að gera til að halda jafnvægi í greiðslum frá eigendum til framtíðar litið og gæti það mögulega falist í endurskoðun á þeim grunni sem gjaldskráin byggir á.

Virðingarfyllt,

Sveinbjörg Sveinsdóttir
Framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna hf.

Netfang: sveinbjorg@landskerfi.is

Sími: 514-5051

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

Garðabær
b.t. fjármálastjóra
Garðatorgi 7

210 GARÐABÆ